

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

JÚNÍ 2018

6. tbl. 25. árg.



Er um á Óðinsgötu 1

Mán. - fös.: 10 - 18.
Laugardagur: 11 - 16.

sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid

Netverslun: systrasamlagid.is

- bls. 8
FB útskrifaði
136 nemendur

Meirihlutinn kynntur í Breiðholti



Nýr meirihluti í borgarstjórn Reykjavíkur var kynntur á blaðamannafundi í Lautinni grænu gerði á milli Fjölbautaskólans í Breiðholti og Breiðholtslaugar í síðustu viku. Á myndinni eru forystufólk þeirra flokka sem mynda hinn nýja meirihluta, Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna. Mynd: Bjarni Brynjólfsson.

Hádegistilboð
Fría kl. 11-16

LÍTIL PIZZA
af matsæli og 0,33 cl gos 1.000 KR.

MIÐSTÆRÐ
af matsæli og 0,33 cl gos 1.500 KR.

DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS



Herdi's
Rauðarárstíg 41



Pitt hverfi hefur hækkað einna mest síðastliðið ár.

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst **510 7900**

LIND
FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI

Apótekið
- einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

NAUTAKJÖTS TILBOÐ

Nauta fille verð áður 5.998 kr/kg verð nú 4.798 kr/kg

Nauta snitsel verð áður 3.398 kr/kg verð nú 2.699 kr/kg

Nauta lund verð áður 7.349 kr/kg verð nú 6.614 kr/kg

Nauta gúllas verð áður 3.198 kr/kg verð nú 2.499 kr/kg

Nauta innralæri verð áður 4.989 kr/kg verð nú 3.998 kr/kg

Nauta ribeye verð áður 5.669 kr/kg verð nú 4.535 kr/kg



Tilboðið gildir frá 21. - 24. júní.

SELJAKJÖR
- KAUPMAÐURINN Á HORNINU -

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

6. tbl. 25. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Nýr meirihluti kynntur í Breiðholti

Nýr meirihluti borgarstjórnar kynnti málefnasamning sinn í Breiðholti. Þetta er í þriðja sinn sem Breiðholtið er valið til að kynna nýjan meirihluta. Jón Gnarr valdi þakið á stóru Asparfellsblökkinni þegar hann settist í stól borgarstjóra. Dagur B. Eggertsson og samstarfsaðilar hans hafa haldið þessum stíl – nú í annað sinn. Viðræðufundir vegna myndunar meirihlutans fóru einnig að mestu fram í Breiðholtinu – í húsakynnum FB að þessu sinni.

Ýmislegt hefur verið gert í þessum borgarhluta á undanförunum árum. Má þar m.a. nefna átakið heilsueflandi Breiðholt, breytta starfsemi þjónustumiðstöðvar m.a. með skipan hverfisstjóra. Nýjar áherslur til að mæta nýbúum og uppbyggingu á aðstöðu íþróttafélaganna, ÍR sem nú er að hefjast af krafti og Leiknis.

Breiðholtið er hálfra aldar gamalt og því enn ungt í sögu Reykjavíkur. Breiðholtið er þriðja fjölmennasta samfélagið á sveitarstjórnarstiginu því aðeins Kópavogur og Hafnarfjörður telja fleiri íbúa. Byggðin er líka vel afmörkað landfræðilega. Breiðholtið er eins og bær í borginni – byggð sem gæti í sjálfu sér staðið hvar sem er.

Ljóst er að borgaryfirvöld hafa fullan vilja til þess að halda áfram því þróunar- og uppbyggingarstarfi sem hófs í byrjun þessa áratugar. Þótt eitt hafi verið gert er annað ógert. Sú áhersla sem kemur fram í hinum nýja málefnasamningi um heilbrigða sál í hraustum líkama á ekki síður við Breiðholtið en aðrar byggðir borgarinnar enda hefur ákveðið brautryðjendastarf að því leyti verið unnið þar.

Minna má á það sem áður hefur verið fjallað um á þessum vettvangi. Breiðholtið er kjörin staður og stærð samfélags til þess að móta meiri sjálfsstjórn byggðar innan borgar en önnur svæði. Gæti vel orðið tilraunabyggð að því leyti. En ljóst er að nýr meirihluti borgarstjórnar lítur björtum augum til Breiðholtsins. En Breiðhylltingar verða einnig að ganga eftir sínu. Það er lögmál í landi hverju.

Fellaskóli kveður heiðursfólk

Fimm starfsmenn voru kvaddir í Fellaskóla föstudaginn 1. júní sl. Þau eru Jón Mar Þórarinnsson, Margrét Jónsdóttir, Pétur Pétursson, Sesselja Gísladóttir og Valgerður Eiríksdóttir. Öll fara þau á eftirlaun eftir margra ára starf við skólann.

Þetta heiðursfólk hefur starfað við Fellaskóla í meira en fjóra áratugi og þjónað óteljandi nemendum hverfisins. Þau eiga það sameiginlegt að hafa einstakt lag á að laða fram það besta í nemendum, horfa til styrkleika hvers og eins og styðja þannig börnin við að ná sem bestum árangri. Þá hafa þau stutt margan nýjan starfsmanninn í Fellaskóla, veitt jákvæða leiðsögn og miðlað af reynslu sinni sem spannar tæplega 200 ár samtals. Jón Mar, Margrét, Pétur, Sesselja og Valgerður hafa upplifað miklar breytingar á Fellaskóla og skólahverfinu á starfsævinni og lagt grunn að og tekið þátt í ýmis konar þróunarstarfi í gegnum árin. Þannig hafa þau verið lykilmenn í að móta menningu skólans og varðveita hana. Samstarfsfólkið í Fellaskóla þakkar þeim allt hið góða sem þau hafa lagt til skólustarfsins, umhyggju þeirra fyrir nemendum hverfisins og samstarfsfólki og óskar þeim gæfu- og gleðiríkrar framtíðar á nýjum vettvangi.



Heiðursfólk og lykilmenn í að móta menningu Fellaskóla og varðveita hana kveða nú starfsvettvang sinn til margra ára.

Fimmtu bekkingar söfnuðu fyrir ABC

Nemendur í 5. bekk Ölduselsskóla voru á yfirskriftinni „Börn hjálpa börnum“. Alls söfnuðu þau 157.040 krónum.



Myndin er af fimmtu bekkjum og var tekin við lok söfnunarinnar en á hana vantar Ásdísi, Olegas, Theodór og Franzisku.



Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is
eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - í leiðinni

Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - um land allt

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Ópið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar

T&G Tölvur og gögn ehf.
þekking og reynsla

PC & Mac

- ◆ Office 365 þjónusta
- ◆ Gagnabjörgun og afritun
- ◆ Umsjón tölvukerfa
- ◆ Vefsíðugerð og umsjón
- ◆ Tölvuviðgerðir
- ◆ Tölvur og jaðarbúnaður



Parabakki 3, **Mjódd**
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is



BANANANAS

SUMARÍS



Hitabeltisbonanza með banana- og ananasbragði

Kjörís kynnir splunkunýjan og svalandi sumarís með banana- og ananasbragði.
Fagnaðu sumri með Bananas.

VIÐTALIÐ

Við áttum mjög góða æsku í Breiðholtinu

- segja Gunnar Örn Jónsson og Elvar Már Torfason eigendur veitingastaðanna XO í Smáralind og við Hringbraut

Fyrir rúmum þremur árum ákváðu tveir Breiðhyllingar að opna veitingastað. Þeir ætluðu sér ekki að fara hefðbundnar leiðir í veitingamenskunni heldur leggja áherslu á heilsusamlegan skyndibita sem vantað hafði á veitingamarkaðinn. Þeir opnuðu fyrri veitingastaðinn sumarið 2015 í Vesturbænum í Reykjavík – við Hringbrautina austan við JL-Húsið og í maí 2017 bættist annar XO staður við í Smáralindinni. XO hefur hlotið frábæra dóma sem m.a. má sjá á tripadvisor, vinsælasta ferðamannavef veraldar. Þeir spjölluðu við Breiðholtsblaðið á dögunum og fyrst var forvitnast um rætur þeirra í Breiðholtinu.

“Við erum fæddir árið 1981 og ólumst upp í Fellunum, gengum í Fellaskóla og útskrifuðumst þaðan 1995. Það var gott að alast upp í Fellunum. Þar var alltaf nóg að gera og gaman að leika sér. Umhverfið einkenndist af fjölskyldufólki á þessum tíma og nú er gaman að sjá uppbygginguna sem er að eiga sér stað í hverfinu. Við sjáum gamla hverfið okkar vera að lifna við á nýjan leik eftir tíma nokkurrar kyrrstöðu. Þegar við vorum strákar voru verslanir í hverfinu sem flestar hurfu á braut eða hættu rekstri. Það var ákveðin þróun sem átti sér stað sem nú virðist vera að ganga til baka og það er ekki síst íbúunum að þakka. Að okkar mati vantar fleiri hverfisverslanir og meiri þjónustu inn í borgarhverfin. Fellahverfið er þar engin undantekning en að sjálfsögðu þurfa rekstraraðilar að sjá sér hag í slíkum rekstri, það er ekki auðvelt að keppa við Bónus, Krónuna og fleiri stóra aðila á markaði. Við þekkjum það mætavel að vera Davíð gegn Góliat. Fjölmeningin hefur líka skilað hluta af því aukna lífi sem nú er að þróast. Þegar við vorum að alast upp bjuggu fáir ef erlendum uppruna í Fellahverfinu, nú er þetta orðið fjölbjóðlegt samfélag sem er bæði heillandi og án nokkurs vafa skapandi.”

Fellahellir og Leiknir

Þeir Elvar og Gunnar tóku

báðir þátt í félagslífi í Efra Breiðholti. Fellahellir var öflug þjónustumiðstöð, ein sú fyrsta í Reykjavík á eftir Tónabæ. “Við komum mikið þangað. Þetta var ákveðinn samastaður krakkanna í Fellunum og víðar að sem lögðu leið sína í félagsmiðstöðina.” Elvar og Gunnar spiluðu einnig fótbolta með Leikni. “Það var alltaf gaman í kringum Leiknissvæðið en aðstaðan var ekki upp á það besta, erfiður malarvöllur þannig að við lékum okkur oftast á þúfugrasinu við hliðina á gamla malarvöllinum þar sem gervigrasið er nú. Það var alltaf líf og fjör í kringum gamla litla Leiknishúsið og allir þekktu alla. Leiknishúsið þótt lítið væri var ágæt félagsmiðstöð okkar strákanna. Nú er gaman að sjá hvað búið er að gera á Leiknissvæðinu, bæði í vallarmálum og ekki síður annarri aðstöðu sem kom með nýju og rúmgóðu félagsheimili Leiknis.”

Blundaði í okkar að gera eitthvað saman

En hvernig kom XO til? “Við erum æskuvinir en héldum sitt í hvora áttina í kringum framhaldsskólaaldurinn.” Elvar fór í matreiðsluna og gerðist matreiðslumeistari en Gunnar er viðskiptafræðingur frá H.Í. og fór síðar í Master í lögfræði. Lengi hafði þó blundað í þeim að gera eitthvað saman. “Við fórum að velta þessu fyrir okkur og sáum fljótlega að á markaðinn vantaði skyndibitastað sem byggði á hollu og náttúrulegu fæði. Skyndibitinn er bæði vinsæll og nauðsynlegur en einhverra hluta vegna höfðu fáir farið inn á þá braut að þróa hann með þessum hætti. Við byrjuðum síðan vestur í bæ, við Hringbrautina, í næsta húsi við JL-Húsið.” Þar höfðu lengi verið veitingastaðir, fyrst Bleiki pardusinn um það bil sem þeir voru að alast upp í Fellunum og síðar Hrói Höttur. Hrói Höttur varð gjaldþrota og skömmu síðar festu þeir Elvar og Gunnar kaup á þrotabúinu. “Viðtökurnar á Hringbrautinni voru strax mjög góðar og við fórum fljótlega að huga að því að opna víðar. Það endaði með því að Smáralindin



Gunnar Örn Jónsson og Elvar Már Torfason. Myndin er tekin undir merki XO á veitingastaðnum í Smáralind.

varð fyrir valinu þar sem við opnuðum annan XO veitingastað í maí 2017. Með því erum við komnir sitt í hvorn enda byggðarinnar og getum tekið á móti nýjum viðskiptavinum hvarvetna að.”

Stendur fyrir hollan og góðan skyndibita

Fyrir hvað stendur XO. “Það stendur einfaldlega fyrir hollan og góðan skyndibita en XO stendur fyrir Hugs & Kisses sem er í raun sú ástríða sem XO leggur í matreiðsluna og þjónustuna. XO er hollur skyndibitastaður sem framreiðir mat í fusion stíl þar sem asísk og evrópsk matreiðsla renna saman. Maturinn er eldaður frá grunni á staðnum og við kappkostum að gera bragðið af honum einstakt. XO býður eingöngu upp á bestu

fáanlegu hráefni og viljum við að upplifun viðskiptavina verði alltaf í hæsta gæðaflokki.”

Nauðsynlegt að bjóða fjölbreyttan matseðil

Það var mikilvægt í þeirra huga að bjóða upp á fjölbreyttan matseðil en á matseðli XO má finna salöt og núðlusúpur, döner samlokur sem allar eru úr sérþróðuð heilkorna brauði, kjúklingarétti og flatbökur en allar flatbökurarnar á XO eru með sérþróðuðum heilkorna súrdeigsbotni og hafa þær hlotið einróma lof og eru að sögn þeirra Elvars og Gunnars eiginlega fáránlega vinsælar. “Flatbökurarnar eru reyndar alveg hrikalega góðar þó við segjum sjálfir frá ásamt því að fólk lifur vel í líkamanum eftir að hafa borðað flatbökurarnar

á XO og þetta tvennt skýrir líklega vinsældirnar. Það finnst langflestum pizzur góðar, ekki spillir fyrir ef þær eru bragðgóðar og hollar í þokkabót, þá lifur fólk líka vel á líkama og sál,” segja þeir félagarinnir.

Íþróttafólk kemur mikið á XO

Breiðhyllingar eru dyggir viðskiptavinir XO og að sjálfsögðu Kópavogsbúar og Garðbæingar og fastakúnnur fer fjölgandi. “Það kemur mikið af íþróttafólki á XO, til dæmis frá félögum í Kópavogi, Breiðholti og frá Stjórnunni í Garðabæ. KR ingar og Valsarar versla einnig mikið við XO, A landslið kvenna í fótbolta, afreksíþróttafólk og svo mætti lengi telja. Margir af okkar viðskiptavinum hugsa mikið



Velkomin í Groðrarstöðina Stord

Við bjóðum þér upp á:

- 🌸 mikið úrval trjáa og runna, fjölskrárra plantna og harðgerra sumarblóma
- 🌸 plönturnar í matjurtagarðinn
- 🌸 mold, áburð, ker og potta
- 🌸 góða þjónustu og faglega ráðgjöf



Dalvegi 30 - Kópavogur - Sími 564 4383
Fax 568 6691 - stord@centrum.is

Næg bilastæði

Komdu í Groðrarstöðina Stord og njóttu svo sumarsins í litríkum blómagarði heima.



HVAÐ ÆTLAR ÞÚ
AÐ GERA Á MILLI LEIKJA?

VEIDIKORTID.IS



XO býður gestum að horfa á stóra sjónvarpskjá. Hér eru gestir í stóra salnum í Smáralind að horfa á kappleik og áhuginn leynir sér ekki.

um hollustu og uppbyggilegar fæðutegundir. Fólk veit að það getur gengið að hollum og næringarríkum mat hjá okkur."

Galdurinn felst í hráefninu og meðhöndluninni

Hver er galdurinn. Þeir segja hann felast í hráefninu en einnig í meðhöndluninni. "Okkur er ekki sama hvernig maturinn er framreiddur. Við leggjum alla þá alúð í matargerðina sem við getum, allt frá því að hráefnið er valið þar til að skammturinn er kominn á diskinn eða í "Take Away" pakkann en XO selur um það bil 50% af sínum veitingum í Take Away til einstaklinga og fyrirtækja. Við reynum líka að halda verðlaginu í skefjum og okkur hefur tekist það. Við verðum að gæta okkar og höfum ávallt stillt verðlagningu í hóf til að auka ánægju viðskiptavina." Blaðamaður er sammála því að verðlaginu á XO er sannarlega stillt í hóf en

vitundarvakning um hollustu og heilsu sem á mikinn þátt í því ásamt því að fólk gengur að gæðunum vísum á XO. Skammtarnir eru riflegir og fólk fær "value for money" eða mikið fyrir peninginn ef svo má að orði komast. Gæði, þjónusta og hollur og góður matur hafa ávallt verið aðal markmið okkar. Viðtökurnar í Smáralind tala sínu máli. Kúnninn er alltaf besti gagnrýnandinn eða meðmælandinn. Viðtökurnar voru frábærar frá fyrsta degi og framur okkar vonum. "Take Away" þjónustan byrjaði þó rólegar en við gerðum ráð fyrir í Smáralindinni en núna eru einstaklingar og fólk sem vinnur hér og í nágrenninu vel upplýst um að hægt sé að taka með sér mat heim af XO eða fá hann sendan á vinnustaðinn. Við höfum opið til kl. 21 alla daga vikunnar þótt verslanirnar í Smáralind loki oftast fyrr. Aðgengið að XO í Smáralind er mjög gott fyrir Take Away sem er orðið rótgróið á XO í Vesturbænum og vonandi verður það sama uppi á teningnum í Smáralind á næstu misserum."

Gaman að sjá gamla og góða Breiðhýltinga

Þið horfið líka til ykkar gömlu heimahaga. "Jú vissulega. Það er stutt úr öllu Breiðholtinu

yfir í Smáralindina. Hún er svo miðsvæðis. Við höfum margóft hitt "gamla" og góða Breiðhýltinga hér og frábært væri að sjá þá sem flesta ásamt nýjum íbúum hverfisins að sjálfsögðu. Það má svo sem segja að við séum a.m.k. næstum komnir heim aftur eftir

að hafa byrjað rekstrarferilinn í vesturbæ Reykjavíkur." segja þeir félagar að lokum.

Allar upplýsingar um XO má sjá á heimasíðu XO, www.XOisland.is og einnig er m.a. hægt að lesa frábæra dóma um XO á tripadvisor.

allir réttir á matseðli XO kosta á bilinu 1.695 – 2.395 kr.

Vitundarvakning um hollustu og heilsu hjálpar okkur

En hvað er það sem gerir XO að svona vinsælum stað? "Þetta er góð spurning," segja þeir félagarnir. "Það er klárlega sú



RAF LÍNA

ALHLIÐA RAFVERKTAKAR

Tökum að okkur alla alhliða rafverktöku – Stór sem smá verk



Rúnar Kristjánsson
rafvirkjameistari

Sími 617 1111
runarfjeldsted@gmail.com

MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar



Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520



Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307



Bryndís Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 569 7024



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856



Gunnar Helgi Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181



Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000



Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignasali
Sími: 865 4120



Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958



Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272



Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9500



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515



Páll Þórólfsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 893 9929



Helgi Jónsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 780 2700



Hilmar Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 9500



Ragnheiður Pétursdóttir
hdl. og löggiltur
fasteignasali



Harpa Rún Glad
hdl. og löggiltur
fasteignasali



Fasteignasalan
Miklaborg

Lágmúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 7000
www.miklaborg.is

Með þér alla leið

Félagsstarfið í Gerðubergi

Þjóðhátíðardagur, samstarf við Miðberg og bíósýningar í sumar



Haldið var upp á þjóðhátíðardaginn 17. júní í félagsstarfinu í Gerðubergi föstudaginn 15. júní tveimur dögum fyrir sautjándann. Pylsur voru grillaðar og bjúgur auk þess sem þátttakendur komu með sitt hvað til þess að bjóða á svokölluðu pálnuborði. Tveir harmoníkuleikarar mættu og spiluðu lög og fólk söng saman.

Samráðsfundur var haldin 19. júní með unglingum í Miðberg en ákveðið hefur verið að vera í samstarfi með þeim í sumar. Á samráðsfundinum með þeim og fólkinu í Gerðubergi var spjallað samna og grunnur lagður að skemmtilegri dagskrá í sumar. Á facebook síðu félagsstarfsins í Gerðubergi má finna allar upplýsingar um hvað er á döfinni í starfinu á hverjum tíma. Ákveðið hefur verið að hafa bíósýningar í sumar ef veðrið verður leiðinlegt og verður það sérstaklega auglýst á síðunni. Fólk er eindregið hvatt til fylgjast með á síðunni því það er alltaf eitthvað skemmtilegt í hverri viku.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson Margrét Á. Guðjónsd. Kristín Ingólfsdóttir Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Líkan af Húsavíkurkirkju vakti athygli

- hef alltaf haft gaman af að smíða
segir Kristjana Guðlaugsdóttir höfundur líkansins

Líkan af Húsavíkurkirkju vakti verðskuldaða athygli á forsýningu félagsstarfseminnar í Gerðubergi á dögunum. Húsavíkurkirkja er ein af eftirtektarverðari byggingum landsins. Hún er byggð í svonefndum schweitzerstil sem er krosslaga kirkjuskip og turn í einu horni byggingarinnar. Kirkjan er teiknuð af Rögvaldi Ólafssyni arkitekt, var byggð árin 1906 og 1907 og vígð 2. júní 1907. Kirkjan er byggð úr norskum við á hlöðnum grunni sem hlaðin var af Jóni Ármanni Árnasyni steinsmiði en yfirsmiður var Páll Kristjánsson smiður og kaupmaður á Húsavík. Það er barnabarn steinsmiðsins Kristjana Guðlaugsdóttir sem smíðaði líkanið en hún hefur fengist við myndlist jafnframt starfi á skrifstofu FB þar sem hún vann í 26 ár en stundaði einnig nám við skólann.

En hvað kom Kristjönu til að nota Húsavíkurkirkju sem fyrirmynd en hún hefur bæði málað málverk af kirkjunni og smíðað þetta líkan. "Ég er fædd og uppalin á Húsavík og hef ríkar tengingar í gömlu heimahagana. Ég fór reyndar snemma að heiman og hef ekki búið þar síðan en bjó um tíma í Þingeyjarsýslu – reyndar í Mývatnssveit þar sem maðurinn minn Ásmundur Jóhannsson starfaði. Við Ásmundur fórum til Þýskalands eftir að við kynntumst en þaðan lá leiðin að Mývatni. Hann var upphaflega búinn að fá vilyrði fyrir vinnu við Laxárvirkjun og við keyptum okkur bíl og ókum af stað norður. Ekki varð þó af því að hann færi þar til starfa en Vésteinn Guðmundsson sem var forstjóri Kísiliðjunnar frétti af okkur. Þá var verið að byggja verksmiðjuna upp og hann vantaði mann til afleysinga. Hann þekkti aðeins til okkar og ég man þegar hann spurði mig hvort ég væri með karlinn með mér. Þegar ég svaraði því játandi sagði hann með sinni sérstöku djúprámu rödd "látt'ann koma". Hann átti upphaflega að starfa þar í þrjá mánuði en Vésteinn hélt í hann og það urðu níu ár þannig að ég tengdist Húsavík talsvert að nýju á þessum tíma."



Kristjana við líkanið af Húsavíkurkirkju. Myndin er tekin á sýningu í Gerðubergi.

Frá Guðmundi Sveinssyni til Guðrúnar Hrefnu

Svo tengistu FB eftir að þú komst suður. "Já – við áttum íbúð í Breiðholtinu og það hafði lengi blundað í mér að fara í kvöldskólann eða öldungadeildina eins og hún var kölluð. Ég var þar í fjögur ár. Ég fór líka að vinna á skrifstofunni í FB og starfaði þar í 26 ár. Ég hef því náð að starfa með öllum skólameisturum. Allt frá séra Guðmundi Sveinssyni sem var fyrsti skólameistarinn og vann öltult uppbyggingarstarf til Guðrúnar Hrefnu sem stýrir skólanum af myndarskap í dag."

Smíðaði barnarúm og strauborð

En aftur að smíðunum. Kirkjan er ekki fyrsta smíði þín. "Nei ég var strax með áhuga á smíðum sem barn. Þá þótti ekki viðeigandi að stelpur væru í smíðum með strákunum í skóla en móðir mín talaði við skólastjórnann á Húsavík og ég fékk að fara í smíðatíma. Ég smíðaði meðal annars barnarúm handa systur minni og strauborð handa mömmu. Vinur okkar sem hafði stundað útskurð og átti mikið af verkfærum vildi færa mér þau að gjöf þegar leið að því að hann hætti að starfa. Hann átti bæði börn og barnabörn og mér fannst því að ég gæti alls ekki tekið við þessu. Afkomendur hans höfðu hins vegar

ekki áhuga á smíðum og hann vildi að verkfærin nýttust þar sem þeirra væri þörf. Hann vissi af smíðaáhuga mínum og ég sá að honum myndi mislíka ef ég tæki ekki við þeim og ég held að ég hafi glatt hann fyrir utan að ég eignast ýmis tól sem komu sér vel fyrir smíðakonuna."

Notaði bæði flísatengur og tannstöngla

Kristjana lauk ekki aðeins námi sínu við FB heldur hefur hún sótt ýmis námskeið gegnum tíðina. Hún hefur málað og smíðað jöfnum höndum eins og myndir hennar og smíðagripir sýna. Hún segist gefa sér góðan tíma í verkin. "Ég var lengi að vinna við kirkjubygginguna. Var með líkanið bæði heima og hér í félagsstarfinu í Gerðubergi. Við höfum góðan leiðbeinanda hér hann Einar Jónassonar leiðbeinanda sem gefur okkur bæði góð ráð og góðan tíma. Ég notaði ýmis verkfæri við kirkjusmíðina og má í því sambandi bæði nefna flísatengur og tannstöngla sem ég notaði til þess að bera lím á þá fleti þar sem líma þurfti saman. Nei – ég þurfti ekki að teikna alla kirkjuna upp sjálf." segir Kristjana aðspurð og dregur fram teikningar sem hún studdist við á meðan hún smíðaði líkanið. "Þetta er auðvitað ekkert annað en vinna og aftur vinna en fyrir mér er þetta ákaflega skemmtilegt," segir Kristjana að lokum.

Veski og box með skannvörn



RFID Vörn. Ekki hægt að skanna korta upplýsingar.
Leðurveskin frá Adam Carter.



C-Secure RIFID kortaböx tekur 5 til 7 kort.



C-Secure RIFID kortavesti með Ítölsku leðri tekur 5 til 7 kort.

Módjó

Mjódd • S: 571 3411
www.facebook.com/Módjó-Verslun

Nemendaverðlaunin afhent í Hólabrekkuskóla

- nemendur fengu nemendaverðlaun að þessu sinni



Frá afhendingu nemendaverðlaunanna í Hólabrekkuskóla.

Silvía Rut Jónsdóttir úr Fellaskóla, Kamila Biraczewska úr Hólabrekkuskóla og Axel Örn Arnarson úr Seljaskóla hlutu nemendaverðlaun að þessu sinni en þau eru veitt þeim grunnskólanemum sem skarað hafa fram úr í námi, félagsfærni, virkni í félagsstarfi eða hafa sýnt frábæra frammistöðu á tilteknu sviði skólastarfsins.

Verðlaunin eru í formi viðurkenningarskjals og bókar og tóku alls 36 nemendur úr 4. til 10. bekk í grunnskólum borgarinnar við verðlaunum að þessu

sinni fyrir að vera góðar fyrirmyndir á mörgum sviðum. Við athöfnina í Hólabrekkuskóla flutti Skúli Helgason formaður skóla- og frístundaráðs ávarp, nemendur í Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts og Tónskóla Sigursveins voru með tónlistaratriði. Nemendaverðlaun skóla- og frístundaráðs voru nú afhent í sextánda skipti en síðan vorið 2003 hafa árlega verið veittar viðurkenningar og verðlaun til nemenda í grunnskólum borgarinnar sem skara fram úr í námi og starfi.

Fimm verkefni í Breiðholti fengu styrk



Frá Breiðholt Fetaval á liðnu ári.

Úthlutað hefur verið úr hverfissjóði Reykjavíkur. Í ár voru rúmlega 2,7 milljónir kr. úthlutað í Breiðholti. Alls bárust sjö umsóknir og voru fimm þeirra sem hlutu styrk.

Bedroom Community hlaut styrk um 500.000 kr. fyrir Breiðholt Festival 2018, knattspyrnudeild ÍR var styrkt um 750.000 kr. fyrir sameiningu 3. og 4. flokk kvenna keppnislið ÍR og Leiknis, Seljagarður Borgarbýli hlaut styrk um 400.000 kr. til þess að halda uppskerumarkað, Foreldrafélag Breiðholtsskóla var styrkt um 750.000 kr. fyrir fjölmenningshátíð í Bakka- og Stekkjahverfi og Brynja Péturs hlaut styrk að upphæð 347.000 kr. fyrir sameiningu barna og unglinga í dansi.

GÓÐ ÞJÓNUSTA í Grímsbæ við Bústaðaveg



BLOMASMÍÐJAN
Grímsbæ · Sími: 588 1230
www.blomasmidjan.is

KOMDU Í PIZZU EÐA TAKT'ANA MED HEIM
Eldofninn
PIZZERIA - BÚSTAÐAVEGI - 533 1313

italcaffè
Eldofninn

ÁRSÓL
Snyrtivörverslun - Snyrtistofa
Sími: 553 1262

Tímadjásn
Gallery Gull

HANNYRÐAVERSLUNIN
Sporið
Garn og útsalur
Mikið úrval
Sími: 581 2360

TÍSKUVERSLUNIN
SMART

1011

Erasmus+ nám og þjálfun í FB

Sara, Viktorija og Honey í Portúgal

Þeir nemendur sem stunda nám í FB á list og verknámsbrautum gefst kostur á því að fara til útlanda og taka hluta af starfsþjálfunni sinni þar og fá metið til fulls þegar heim er komið. FB hefur hlotið stóra Erasmus+ styrki undanfarin ár til þess að geta sent bæði nemendur og kennara til útlanda í nám og þjálfun. FB er með VET Mobility Charter vottun frá Landskrifstofu sem viðurkennir hæfni FB að framkvæma góð náms- og þjálfunarverkefni. Nú á vorönn fór Honey Grace nemandi af fata- og textílbraut í þriggja mánaða þjálfun hjá fatahönnuð í Portúgal.

Þá fóru þrír rafvirkjanemar til Eistlands í þriggja vikna þjálfun á verkstæði í Tartu verknámsskólanum. Þetta voru þau Guðbjörg Reynisdóttir, Brynjar Bjarnason og Styrmir Eero Henttinen. Hér má sjá þau í skoðunarferð í höfuðborginni Tallin.

Í Liege í Belgíu eru nú fjórir fata og textíl nemar í mánaðarþjálfun hjá fatahönnuðum. Þetta eru þau Sif Þrastardóttir, Anton Hoang, Samúel Stefánsson og Ársól Þöll Guðmundsdóttir.

Í borginni Guimaraes í Portúgal eru þær Sara Margrét Sævardóttir og Viktorija Arnardóttir nemar í snyrtifræði. Þær starfa á snyrti og spameðferðarstofum í einn mánuð.



Sara Margrét Sævardóttir og Viktorija Arnardóttir nemar í snyrtifræði í borginni Guimaraes í Portúgal.



Honey Grace nemandi af fata- og textílbraut fór í þriggja mánaða þjálfun hjá fatahönnuð í Portúgal.

FB útskrifaði 136 nemendur



Útskriftarhópur FB vorið 2018. Myndin er tekin í Hörpu þar sem útskriftin fór fram. Myndir frá útskriftinni: Jóhannes Long.

Alls voru 136 nemendur útskrifaðir frá Fjölbautaskólanum í Breiðholti við hátíðlega athöfn í Hörpu þann 25. maí. Af þeim voru 74 með stúdentspróf, þá útskrifuðust meðal annars 22 rafvirkjar, 20 húsmiðir, 10 snyrtifræðingar og 9 sjúkraliðar, 10 af fata og textílbraut og 5 af starfsbraut.

Þau Elías Hlynur Lárusson af íþróttabraut og Sif Þrastardóttir af fata- og textílbraut fluttu ræður útskriftarnema. Þá söng Karl Friðrik Hjaltason

nýstúdent tvö lög og Samúel Stefánsson nýstúdent lék á flygilinn verk eftir Grieg. Vignir Már Másson stúdent af félagsfræðibraut var dúx skólans með 9,03. Hann sópaði að sér flestum verðlaunum en auk viðurkenningar fyrir bestan árangur á stúdentsprófi hlaut hann verðlaun fyrir bestan árangur í ensku, félagsgreinum, íslensku, sagnfræði. Þá hlaut hann einnig styrk úr styrktarsjóði Kristínar Arnalds og menntaverðlaun Háskóla Íslands.



Vignir Már Másson dúx á vorönninni ásamt Guðrúnu Hrefnu Guðmundsdóttur skólameistara.



Steinunn Snædis Vilhjálmisdóttir, náttúrufræðibraut hlaut viðurkenningu frá Soroptimistaklúbbi Hóla og Fella.



Daniel Orrason hlaut viðurkenningu fyrir félagsstörf frá Rótaryklúbbsi Breiðholts.



Rafvirkjanemarnir Styrmir, Guðbjörg og Brynjar úr FB. Myndin var tekin á ferð í Eistlandi.



NOON
HÁRSTOFA

5 6 7 2 0 7 7 HÓLMASELI 2, 1 0 9 R V K

LANDMARK SMÁRINN

„Ég er löggiltur fasteignasali og hef starfað við sölu fasteigna samfleytt frá árinu 1997“

ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali

s 690 3111



Vignir Már dúx frá FB á vorönn

- stefnir á nám í félags- og sálfræði en bókmenntirnar láta hann ekki í friði

Vignir Már Músson var dúx Fjölbrotaskólans í Breiðholti á nýlokinni vorönn. Vignir Már var á félagsfræðibraut en tón nokkra áfanga í náttúrufræði í leiðinni þótt hann segi þá ekki beint á sínu áhugasviði. Hann kveðst hafa mjög gamla af að grúska í bókum og hafa áhuga á manneskjunnri og það hafi verið kveikjan að því að fara í félagsfræðina. Hann á sér líka annað áhugamál sem eru bókmenntir og er að velta fyrir sér hvort hann eigi að leggja nám í sálfræði eða heimspeki fyrir sig með haustinu.

“Pælingin er að fara í aðra hvora þessara greina eða jafnvel báðar og taka ritlist með. Ég hef mjög gaman af að skrifa og hef gert dálítið af því þótt ég hef ekki gefið út enn þá. Ég hef þó áhuga á að vinna meira að þessu en vera má að fullkomleikaárátta hái mér. Mér finnst ég aldrei gera nægilega vel. Eitt er að venja sig við vandvirkni en þetta má heldur ekki ganga út í öfgar.”

Áfangakerfið býður upp á frelsi

En hvernig voru árin í FB. “Þau voru mjög góð. Áfangakerfið býður þó ekki upp á eins mikla samheldni og bekkjakerfi en í áfangakerfinu er maður frjálfsari og vinnur meira einn með sjálfum sér. Ég kunni vel við þetta mikla frelsi og þótt námið snúist að hluta um ákveðinn kjarna getur maður ráðið hraðanum. Ég hefði getað lokið skólanum á þremur árum en fór bara áfram á fjórða árið. Þetta gefur leið fyrir þá sem ná af einhverjum ástæðum ekki að ljúka námi í þriggja ára kerfinu að taka það á lengri tíma. Ég veitti því athygli að talsvert er um að eldra fólk komi til náms við FB. Fólk sem er komið með starfsreynslu en hefur af einhverjum ástæðum ekki lokið námi eða vill bæta við það. Ég veit að fjölmargir vinna með námi og áfangakerfið veitir ákveðið frelsi til þess. Í FB eru líka verkmennta- og listabrautir. Ég hef séð fólk sem búið er að starfa að iðngreinum – jafnvel í fjölda ára komi í FB og bæta við sig námi. Ljúka jafnvel stúdentsprófi. Smíðir og hjúkrunarfræðingar sem dæmi um fólk sem kemur úr eldra námskerfi en vill bæta við sig. Fjölbreytnin og frjálsi tíminn gefa mörgu fólk tækifæri á námi.”



Vignir Már Músson setur sig í stellingu rithöfundarins fyrir Breiðholtsblaðið.

Heimasvæði var Hólabrekkuskóli, FB, Tónskóli Sigursveins og Leiknir

Vignir Már er úr Breiðholti. Kemur úr næsta nágrenni við FB. “Ég er upprunnin í Breiðholti. Ég var í Hólabrekkuskóla og færði mig síðan yfir í næsta hús ef svo má segja – í FB. Ég fór líka aðeins lengra inn eftir

Vesturberginu því ég var í Tónskóla Sigursveins þar sem ég lærði á gítar og svo spilaði fótbolta með Leikni í tíu ár. Var farin að æfa með meistaraflokknum. Tók mér aðeins pásu núna til þess að klára skólann en aldrei er að vita nema að ég fari aftur völlinn. Er ekki alveg búinn að ákveða það. Þetta hafa verið heimkynni mín alla tíð og flestir vina minna eru úr þessu sama umhverfi. Já – ég hef fundið fyrir fjölmeningunni,” segir Vignir Már aðspurður. “Í FB er fólk af ýmum uppruna. Þótt fólk sé á mismunandi námsbrautum hittast allir í matsalnum og mín upplifun er að fólk nær vel saman hvaðan sem það kemur. Andrúmsloftið er þannig.”

Hef gaman af bókmenntun og að skrifa

En þú ert búinn að vera að skrifa. “Já er alltaf að grípa í skrifir. Hef mjög gaman af því en er ekki farinn að birta neitt. Ér búinn að vinna að skáldsögu í nokkurn tíma en hef ekki lokið við hana. Ég hef líka sett smásögur saman. Ég er að hugsa um að fara á ritlistarnámskeið í Háskólanum. Þar lærir maður praktísku atriðin sem skipta máli ekkert síður en persónusköpun og söguþráður. Fullkomleikaárátan háir mér. Hún hefur hjálpað mér í námi en getur líka verið ókostur. En hvað les Vignir Már einkum fyrir utan námsbækurnar. “Ég ligg í skáldsögum. Ég hef lesið Laxness, Gunnar Gunnarsson og Þórberg. Ég hef líka gaman að amerískum bókmenntum. Höfundum á borð við Scott Fitzgerald og Ernest Hemingway. Þeir höfðu meira til mín en evrópskir höfundar. Það er líka gaman að skáldskap sem byggir á sannsögulegum persónum. Baddi í Djöflaeyjunni er dæmi um slíka persónu. Punktur punktur komma strik er líka bók sem færði mann aftur á þann tíma sem sagan á að gerast. Ég get nefnt Engla alheimsins. Geysilega vel skrifaða bók og fallega og sorglega í senn. Jón Kalmann skrifar líka sögur úr sambærilegum efnivið. Tekur heilar fjölskyldur fyrir og segir sögu þeirra í skáldskap. Og svo fór ég að lesa bækur Auðar Övu. Þetta togast dálítið á hjá mér félagsfræðin og heimspekin og síðan bókmenntirnar,” segir Vignir Már Vignisson að lokum.

HUMBAUR

Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!



Startrailer 1280
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 121.888 kr. án vsk.



Gerð 1376
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



Gerð 1374
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



Gerð 1384
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



Gerð 1339
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk.,
en með skráningu.



Gerð 2331
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk.,
en með skráningu.



Flatvagnar
Ýmsar stærðir og gerðir.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð frá: 512.000 kr. án vsk.,
en með skráningu.

Topplausnir

Smíðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
FYRIR ÍSLENSKA VEÐRÁTTU
PVC GLUGGAR | HURÐIR | RENNIHURÐIR
SÓLSTOFUR | SVALALOKARNIR

PGV

FRAMTÍÐARFORM EHF
PLASTGLUGGAVERKSMÍÐJA

Hafðu samband, veldu viðhaldslítið og notaðu frítíma þinn í annað en málningar- og viðhaldsvinnu

SKIPHOLT 35, 105 REYKJAVÍK | SELJABÓT 7, 240 GRINDAVÍK
510-9700 | WWW.PGV.IS | PGV@PGV.IS

Færði skólanum málverk



Ragnheiður Hrönn Þórðardóttir nemandi í 10. bekk Breiðholtsskóla færði skólanum að gjöf málverk sem hún málaði í myndmenntarvali hjá Helgu B. Helgadóttur myndmenntakennara. Á myndinni má sjá Ragnheiði Hrönn með málverkið.

Vegleg sýning í Árskógum

- verk unnið í tilefni 100 ára fullveldis frumsýnt

Árleg sýning á verkum þátttakenda í félagsstarfinu í Árskógum var haldin á uppstigningardag. Margt muna var að vanda á sýningunni. Útsaumur og aðrar hannyrðir, útskurður og önnur trésmíð voru áberandi en einnig aðrir munir. Kaffi og hlaðin borð af meðlæti voru einnig á boðstólum sem sýningargestur nýttu sér óspart.

Upp kom sú hugmynd að tengja handverkssýninguna að einhverju leiti við Fullveldisafmælið. Rætt var við leiðbeinanda í myndlistinni og kom eitt málverk frá þeim sem táknaði Kötluagos. Síðan kom hugmynd að prjóna ártalið 1918.

Þetta var eitthvað einfalt sem allir áttu að geta tekið þátt í. Fitjað var upp á 18 lykjum og prjónað fram og til baka svo úr urðu margra metra langar lengjur.

Verkið heitir „Taktu í prjónana“ og voru allir þeir sem komu í hús hvattir til að prjóna. Körfur með garni voru á nokkrum stöðum og átti hver að prjóna með sínu nefi, ráða litum og samsetningu. Svo kom hugmynd að smíðastofan myndi saga út tölustafina og var mynd af tölustöfunum varpað á vegg og þeir síðan teiknaðir á tréplötturnar. Í kjölfarið kom svo að hafa líka ártalið 2018 þannig að þetta yrði þá 1918 til 2018. Prjónalengjunum var síðan vafið utan um útsagaða tölustafina og út kom þetta flotta verk. Hvernig verkið kom svo út kom öllum skemmtilega á óvart og fólk voða ánægt með það. Á sýningunni voru málverk, útskurður, pappamódel, smíðaverk og ýmiss handavinna og voru sýnendur um



Þetta hús var upphaflega byggt í Þýskalandi. Var síðan flutt til Danmerkur og endaði ævi sína á Raufarhöfn þar sem það varð eldi að bráð. Líkanið er eftir Hjaltá Hjalton.

60 talsins.

Um 250 manns mættu fyrri daginn og um 150 seinni daginn.

Leikhópurinn Hugleikur sýndi atriði úr leikverki sínu Hráskinna. Sigurlaug Eðvaldsdóttir lék

á fiðlu sem smíðuð var af Magnúsi H. Magnússyni í smíðastofu Félagsstarfsins. Gerðubergskórinn söng, myndum frá 1918 var varpað á skjá og lesnar voru smásögur frá 1918.



Söngur og gleði setti svip sinn á sýningardaginn í Árskógum.



Þessar konur sátu yfir góðum veitingum í Árskógum á uppstigningardag.

FRUMSKÓGUR

Þar sem ævintýrin gerast!

Við ætlum að skreyta menningarhús Borgarbókasafnsins með lestrardýrum og búa til ævintýralegan frumskóg á safninu.

Komið í safnið í ykkar hverfi, veljið eitt pappírsdýr sem þið finnið á safninu og fyllið út nafn, símanúmer og aldur. Setjið dýrið í frumskógarkassann til að taka þátt í leiknum.

Í hverri viku verða nokkrir heppnir þátttakendur dregnir út og fá vegleg verðlaun.

LESUM SAMAN Í SUMAR

borgarbokasafn.is

BORGARBÓKASAFNIÐ
MENNINGARHÚS



**PARKET
& GÓLF**

- gerir hús að heimili

parket

gólflistar

mottur

gólfhreinsiefni

harðparket

teppi

vinylflísar

teppaflísar

dreglar

stíga húsatoppi

klæðningarefni

viðarparket

veggfóður

Ármúli 32, 108 Reykjavík
Sími 568 1888
www.pog.is



Breiðholtsskóli

Þverfaglegt lokaverkefni í 10. bekk



Niðursóknir nemendur vinna að lokaverkefni.

Nemendur í 10. bekk Breiðholtsskóla hófu að vinna að þverfaglegu lokaverkefni sem þeir vinna sjálfstætt 14. maí sl.

Í verkefninu þurftu nemendur að afla ítarlegra upplýsinga um efnið sem þeir höfðu valið, vinna úr þeim og niðurstöðum er svo skilað á fjölbreyttan hátt t.d. með vef, mynd og kynningarbæklingum. Í þetta skipti fengu nemendur að ráða hvaða efni þeir tækju fyrir og rannsökuðu. Verkefninu lauk með kynningu fyrir aðstandendur.

Breiðholtsblaðið

www.borgarblod.is

Fellabúar og Fellalíf

Séð í gegnum linsu Spessa

Nú stendur yfir í Gallerí Rýmd í Völvufelli sýning á portrettljósmyndum Sigurbórs Hallbjörnssonar eða Spessa eins og hann er jafnan nefndur. Spessi hefur lagt sig eftir og einnig mikla vinnu í að komast í nánd við allskonar fólk sem byggir hverfið sem hefur pósthúsið 111. Hann nær vel að gefa innsýn í sögu byggðarinnar og ekki síður að nálgast persónur fólks sem byggir þennan borgarhluta. Sýningin er hluti af listahátíð í Reykjavík sem teygir anga sína í Breiðholtið að þessu sinni. Spessi á engar rætur í Breiðholti. Hann er Ísfróingur að uppruna og hefur alið manninn annars staðar en fékk hugmyndina að þessu verkefni þegar hann var að taka myndir erlendis nánar tiltekin í Lettlandi. Eftir það fór hann að íhuga að hann gæti unnið svona verkefni í Efra Breiðholti.

Í frétt frá Listahátíð segir að Breiðholtið eigi sér félagslega og byggingarsögulega fortíð. Breiðholtið sé eitt af fyrstu úthverfum borgarinnar, skipulagt og byggt í þeim tilgangi að leysa húsnæðisvanda láglanafólks á árunum 1965 til 1980. Þar segir að jafnvel þótt síðustu frumbýlingarnir geymi í huga sér stolt fyrstu uppbyggingaráranna, þá hafi pósthúsið 111 hins vegar orðið í tímans rás tákun um félagslegan aðskilnað hverfisins frá miðju atvinnulífsins og menningarlegri þróun þess. Einnig segir að Breiðholtið og stoltir íbúar þess birtast í öllum sínum fjölbreytileika í nýrri röð ljósmynda Spessa. Hann gætir þess að halda hæfilegri fjarlægð af virðingu við viðfangsefnið. Hér sé á ferðinni órsaga kynslóða í hverfi sem á margan hátt er óvenjulegt í borginni.

Ólíkir heimar

Spessi hefur áður tekið myndir í Breiðholti. Af húsum utan sem að innan en fannst og hefur gefið út bók með verkum sínum sem ber nafnið Location. Nú fannst honum



Úr myndaröð Spessa um Fellabúa og Fellalíf.



tími kominn til þess að festa fólkið á filmu. Fólkið sem gengur undir veggjunum og býr innan þeirra. Í tilefni þessarar sýningar hefur einnig verið gefin út bók sem ber heiti sýningarinnar 111 – Portrett af Breiðholti. Í ljósmyndum Spessa mætast ólíkir heimar enda um samfélag fjölmenningar að ræða. Í myndunum koma fram þættir á borð við sársauka, tungumálaerfiðleika og einnig tortryggni þeirra sem koma langt að og eiga erfitt með að hleypa ljósmyndaranum inn í líf sitt í eiginlegri og óeiginlegri

merkingu, eins og komist er að orði í fréttatilkynningu frá Forlaginu sem gefur hina nýju bók út. Segja má að myndirnar spanni allan tilfinningaskalann – allt frá einsemd einstaklinga til stólts yfir að vera. Í tilkynningu frá Forlaginu segir að í öðrum myndum birtist einsemdin: talaðu við mig, horfðu á mig, hjálpaðu mér – á meðan aðrir birtast stoltir, konungar og drottningar í ríki sínu smáu eða stóru. Þannig birtast einstaklingarnir í myndum Spessa í samhengi sem kalla mætti birtingarform sannleikans í þöglu samtali við áhorfanda sem skilur að hér er ekki boðið upp á rými fyrir túlkun heldur blákalt stefnumót við raunveruleikann. En sjón er sögu ríkar. Myndirnar eru í Gallerí Rýmd þar sem áður var bakarí á bak við Gamla Kaffihúsið og opið eftir kl. 14. á daginn.

**Starfsfólk Lyfjaval
tekur hlýlega
á móti þér**



Líður þér illa í hjartanu?

1717

opin - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

RECARO

Barnabílastólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Dýraríkið opnar verslun í Hólagarði

Dýraríkið er að opna nýja verslun í Hólagarði við Lóuhóla í Breiðholti. Þetta er fjórða verslunin sem Dýraríkið opnar en aðal verslun þess er í Holtagörðum. Einnig eru verslanir á vegum þess á Selfossi og í Bolungarvík fyrir vestan auk þess sem verslun með sama nafni hefur verið enduopnuð á Akureyri. Dýraríkið var fyrst opnað árið 1979 er nálgast því fertugsafmæli. Fyrstu árin var verslunin staðsett við Laugaveginn en var flutt í Hreyfilshúsið við Fellsmúla árið 2007 og þaðan í Holtagarða árið 2009. Dýraríkið hafði verið í eigu sömu aðila þar til í apríl á líðnu ári að þrjú ungir menn festu kaup á því. Þeir eru Axel Ingi Viðarsson, Þórarinn Þór, og Einar Valur Einarsson.

“Við höfum unnið að mikilli enduruppbyggingu á þessu gamla gæðavörumerki frá því við höfum reksturinn. Verslunin í Hólagarði er hluti af því starfi. Það var nauðsynlegt fyrir okkur að vera víðar á Höfuðborgarsvæðinu og okkur bauðst þessi aðstaða í Hólagarði. Við höfum veitt því athygli að Hólagarður er



Axel Ingi Viðarsson ásamt ungu samstarfsfólki í Dýraríkinu í Holtagörðum.

að vakna til lífsins á nýjan leik. Nýjar verslanir eru að opna og vöruúrval í verslunarkjarnanum að vaxa. Hólagarður er líka mjög vel staðsettur í miðju fjölmenns íbúðahverfis. Verslanakjarninn er

í göngufæri frá mörgum og einnig eru næg bílastæði fast við hann,” segir Axel Ingi.

Búðarrýmið í Hólagarði er í minni kantinum eða um 94 fermetrar og það býður ekki upp

á að vera með alla vöruflokk Dýraríkis. Verslunin verður því fremur “express” verslun, sem selur það helsta fyrir allar tegundir gæludýra. Við verðum með flestar fæðutegundir og leggjum áherslu á þurrvöru sem gæludýraeigendur þurfa að nota frá degi til dags og ýmis öryggis-tæki eins og ólar og búr efni til tannhirðu og fleira. Færst hefur

mikið í vöxt að gæludýr séu eingöngu fóðruð á þurrvöru og því mikilvægt að geta boði það besta á hverjum tíma. Nei – það er ekki aðstaða til þess að vera með mikið af dýrum í búðinni í Hólagarði og því verður áherslan meira á daglegu neysluvöruna. Við hlökkum til að hitta Breiðhyltinga og aðra,” segir Axel Ingi að lokum.

ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.



ÁFRAM ÍR

Bílastjarnan



VÖNDUÐ
VINNUBRÖGÐ
BÍLAMÁLUN OG RÉTTINGAR

BÍLASTJARNAN | BÆJARFLÖT 10 | 112 REYKJAVÍK | SÍMI 567 8686 | BILASTJARNAN@BILASTJARNAN.IS

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét Á. Guðjónsd.



Kristín Ingólfssdóttir



Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



www.breiðholt.is

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Heilsueflandi Breiðholt

Fimm lykilatriði að bættri líðan

Heilsueflandi Breiðholt er viðamikil forvarnarverkefni sem nær til fólks á öllum aldri; barna, unglunga, fullorðinna og aldraðra. Lykilþættir þess eru næring, hreyfing, líðan og lífstíll.

Lykilinn að vellíðan er flókinn, en margt smátt gerir eitt stórt. Þessir þættir komu fram í Breskri greiningu á vellíðan, Five ways to well-being (the New Economic Forum).



1. Að efla tengsl við annað fólk. Breskar og Bandarískar rannsóknir sýna mikilvægi félagslegrar stuðnings. Að eiga að minnsta kosti 3 nána vini getur verið verndandi þáttur gegn sálfræðilegri röskun eins og þunglyndi og kvíða. Einnig skiptir meira máli að rækta hágæða sambönd í stað þess að eiga mikinn fjölda kunningja.

2. Hreyfðu þig. Við vitum að hreyfingin minnkar líkurnar á langvarandi heilsufarsvanda, en hreyfingin eykur líka andlega líðan. Það þarf ekki að taka 90-mínútna æfingartörn til að hafa jákvæð áhrif. Ef þú ert í sitjandi vinnu, stilltu klukku á klukkutímabrestum sem minnir þig á að standa upp og teygja eða ganga í fimm mínútur-helst úti ef kostur er á.

3. Vertu forvitin(n) og taktu virkan þátt í umhverfinu þínu. Núvitund, á stuttu máli, er að taka sérstaklega eftir því sem við skynjum og hugsam. Þetta borgar sig með aukinni sjálfsskilningu. Það besta við núvitund er að það þarf enga sérstaka hæfileika og þarf ekki að taka mikinn tíma.

4. Haltu áfram að læra. Með því að leggja það á þig að læra eitthvað nýtt, örvarðu heilan og eykur vellíðan. Það gerist þegar við setjum okkur markmið sem eru í samræmi við okkar gildi og síðan vinnum við að þeim markmiðum.

5. Gefðu. Að horfa út fyrir eigin hagsmuni er ein besta leiðin til að auka vellíðan. Þó það sé fínt að fá styrkingu með einhverskonar verðlaun, vellíðan okkar eykst enn meir þegar við gerum eitthvað fyrir einhvern annan. NEF vísar til rannsókna sem greina frá því að vera sjálfboðaliði geti dregið úr dánartíðni hjá eldri fullorðnum. Aðrar rannsóknir sýna að góðgerðarstarfsemi, jafnvel einu sinni í viku, getur hjálpað fólki að bæta á vellíðan.

Það góða við allt þetta er að þú getur tekið lítil skref í einu. Þessi litlu skref byggja á hvort öðru og stuðla að eigin vellíðan og þeirra sem eru í kringum þig.

ÍR-ingar perluðu fyrir Kraft

Um 300 Breiðholtsbúar og ÍR-ingar úr öllum deildum félagsins tóku þátt í samkomu í ÍR-heimilinu þriðjudaginn 12. júní til styrktar Krafti-stuðningsfélagi fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein.

Allir sem mættu perluðu armbönd í fánalitunum með skilaboðunum „Lífið er núna“ sem samtökin

selja svo til styrktar ungu fólki sem greinst hefur með krabbamein. Gestir samkomunnar gátu einnig keypt armbönd á staðnum.

Mikil gleði og samhugur einkenndi styrktarsamkomuna en samtals voru perluð 1177 armbönd sem verða svo seld á 2000 krónur stykkið.



Komin til að kaupa armband.



Perlað af krafti fyrir Kraft í ÍR heimilinu.



KNATTSPYRNUKÓLI



Knattspyrnskóli Leiknis og Dominos er fyrir stráka og stelpur á aldrinum 5–12 ára. Farið verður í grunnþætti knattspyrnunnar í bland við leiki, skemmtun og fjör. Fastir liðir eins og fótþoltagolf, HM-keppni, maður námskeiðsins, sundferðir og skemmtiferðir verða á sínum stað. Í lok hvers námskeiðs er Domino's pizzaveisla og verðlaunaafhending. Leikmenn meistaraflokks og fleiri fótþolastjörnur munu mæta og heilsa upp á krakkana.

Hvert námskeið stendur í tvær vikur, alla virka morgna frá 9.00–12.00. Boðið er upp á gæslu frá 8.00–9.00 án endurgjalds. Námskeiðin fara fram á íþróttasvæði Leiknis.

Námskeiðin í sumar eru sem hér segir:

Námskeið 1: 11. júní–22. Júní

Námskeið 2: 25. júní–06. júlí

Námskeið 3: 9. júlí–20. júlí

Námskeið 4: 23. júlí–03. Ágúst

Námskeið 5: 07. ágúst–17. ágúst * 9.000 Kr

Skráning fer fram á netfanginu gjaldkeri@leiknir.com eða á fyrsta degi hvers námskeiðs á Leiknisvelli. Nánari upplýsingar gefur Örn Þór í síma 862-2921 eða á skrifstofu s.557-8010

Þátttökugjald er aðeins 10.000 kr. og ganga skal frá greiðslu við upphaf hvers námskeiðs. Veittur er 50% systkinaafsláttur.



Mikið úrval af TYR sundfatnaði - nýjar gerðir og litir, úr DURAFast 300+ efninu, sem er sérlega klórþolið og lithelt.

Kíktu á úrvalið á heimasíðu okkar

www.aquasport.is



Bæjarlind 1-3, 201 Kópavogur
sími: 5640035

Ingigerður verður áfram formaður ÍR

Ingigerður Guðmundsdóttir var endurkjörin formaður ÍR á aðalfundi félagsins sem var haldinn í ÍR-heimilinu miðvikudaginn 23. maí sl. Vegleg ársskýrsla og ársreikningar fyrir aðalstjórn og deildir var lögð fram á fundinum. Starfsemi félagsins var mjög öflug á liðnu ári, iðkendafjöldun var um 10%, árangur afreksmanna og liða með því allra besta í sögu félagsins og mótahaldið öflugt.

Samkvæmt framlögðum ársreikningi var rekstur aðalstjórnar og deilda í jafnvægi 2017 eins og undanfarin ár. Fimm deildir af átta voru reknar réttum megin við núllið og heildarvelta aðalstjórnar og deilda samanlagt 418.529.669 kr.

Meginmál fundarins voru viðamiklar breytingar á lögum félagsins sem höfðu verið óbreytt frá árinu 2004. Með Ingigerði í stjórn eru Addý Ólafsdóttir sem verður varaformaður, Reynir Leví Guðmundsson gjaldkeri, Sigurður Albert Ármannsson ritari og meðstjórnendur þeir Magnús Valdimarsson, Rúnar G. Valdimarsson og Sveinn Hjörtur Guðfinnsson. Tveir þeir síðastnefndu eru nýir í aðalstjórn ÍR.



Frá aðalfundi ÍR.



Ingigerður Guðmundsdóttir formaður ÍR.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

1,3 milljónum úthlutað úr Magnúsarsjóði

Afrefsmenn og þjálfarar ÍR hlutu styrki úr Magnúsarsjóði við árlega úthlutun úr sjóðnum sem er fræðslu- og afrekssjóður ÍR og fór fram mánudaginn 18. júní. Að þessu sinni barst metfjöldi umsókna eða 23 enda stendur afreksstarfið í deildum ÍR með miklum blóma um þessar mundir.

Samtals var úthlutað 1.3 milljónum króna til eftirtalinnna verkefna: Frjálsíþróttadeild til undirbúnings vegna þátttöku í EM í frjálsum 2018 og til valinna afreksmanna deildarinnar og til endurmenntunar þjálfara. Handknattleiksdeild til styrktar leikmönnum ÍR karla og kvenna í U20 ára liðum Íslands á EM og HM. Körfuknattleiksdeild til styrktar unglíngalandsliðmönnum U20, U18 og U16 á NM og EM. Knattspyrnudeild til afreksupbyggingar í 3. og 2. flokki karla og kvenna Keiludeild: til afreksupbyggingar vegna þátttöku í Evrópumótaröð og Heimsbikarmóti 2018. Júdoeild til styrktar þátttöku í landsliðsverkefnum, æfingabúðum og alþjóðlegum mótum. Karate til þátttöku í landsliðsverkefnum, æfingabúðum og endurmenntunar þjálfara og fimleikar til endurmenntunar þjálfara.



GETRAUNANÚMÉR

ÍR ER 109

VIÐ HÖFUM OPNAÐ
STÓRGLÆSILEGA VERSLUN
Í HÓLAGARÐI ÞAR SEM ÞÚ
FINNUR ALLT FYRIR
GÆLUDÝRIÐ ÞITT.



DÝRARÍKIÐ



Holtagörðum-Hólagarði-Selfossi-Akureyri

www.dyrarikid.is

Sími: 537-5000



ÖFLUG SÓLARVÖRN FYRIR ANDLIT

NÝTT

**NIVEA
SUN**

**UV
FACE**

**ANTI-AGE &
ANTI-PIGMENTS**

**0%
WHITE
RESIDUE***

50 HIGH
(UVA) (UVB)

Immediate sun protection
Protects against wrinkles and
pigment spots

*on the skin